

Útgáfa landsskipulagsstefnu

Frá : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>
Heiti : Útgáfa landsskipulagsstefnu
Málsnúmer : 2025040121
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Skráð dags : 09.04.2025 11:02:53
Höfundur : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>

Góðan dag,

Síðustu misseri hefur Skipulagsstofnun unnið að útgáfu gildandi landsskipulagsstefnu sem nú er komin út. Útgefna stefnu má nálgast hér:

[Landsskipulagsstefna 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 – Útgáfa stefnu eftir landfræðilegri skiptingu.](#)

Útgáfunni er ætlað að gera efni stefnunnar aðgengilegra þeim sem vinna að framfylgd hennar, sveitarfélögum, ráðgjöfum og öðrum þeim sem hafa áhuga á eða koma að skipulagsgerð.

Í útgefni stefnu eru áherslur og tilmæli þingsályktunar um landsskipulagsstefnu sett fram undir fjórum köflum eftir því hvar þau eiga við samkvæmt landfræðilegri skiptingu, þ.e. á miðhálandi, í dreifbýli, í þéttbýli og á haf- og standsvæðum. Öllum þeim áherslum og tilmælum sem eiga við fyrir skipulagsgerð á tilteknu svæði eru þannig gerð skil í viðkomandi kafla. Skýringum hugtaka hefur jafnframt verið bætt við auk þess sem valið efni úr greinargerð þingsályktunartillögu hefur verið nýtt þar sem talin var þörf á frekari skýringum við stefnuna.

Á [landsskipulag.is](#) má nálgast útgefna stefnu ásamt frekari upplýsingum um stefnuna, framfylgd hennar og einstakra verkefna aðgerðaáætlunar.

Við biðjum ykkur að dreifa skilaboðunum áfram til þeirra sem gagn gætu haft af útgáfunni.

Með kveðju,

Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100

skipulag@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun